**2023/EES/8/42**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/708**

**frá 5. maí 2022**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, ediksýru, aklónífen, álammóníumsúlfat, álfosfíð, álsílíkat, beflúbútamíð, benþíavalíkarb, boskalíð, kalsíumkarbíð, kaptan, sýmoxaníl, dímetómorf, dódemorf, etefón, etýlen, útdrátt úr tevið, leifar af eimaðri fitu, fitusýrur C7 til C20, flúoxastróbín, flúrklóridón, fólpet, formetanat, gibberellsýru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, magnesíumfosfíð, metam, metamítrón, metasaklór, metríbúsín, milbemektín, fenmedífam, pírimífosmetýl, plöntuolíu/negulolíu, plöntuolíu/repjuolíu, plöntuolíu/garðmintuolíu, própamókarb, prókínasíð, próþíókónasól, pýretrín, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, S-metólaklór, ógreinótt fiðrildaferómón, súlkótríón, tebúkónasól og þvagefni** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 en í B-hluta þess viðauka eru skráð virk efni sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/745 ([3]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið flúrklóridón framlengt til 31. maí 2022. Með þeirri reglugerð var samþykkistímabilið fyrir virku efnin beflúbútamíð, benþíavalíkarb, boskalíð, kaptan, dímetómorf, etefón, flúoxastróbín, fólpet, formetanat, metasaklór, metríbúsín, milbemektín, fenmedífam, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól og S-metólaklór einnig framlengt til 31. júlí 2022

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 133, 10.5.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 313/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/745 frá 6. maí 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin álammóníumsúlfat, álsílíkat, beflúbútamíð, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, kalsíumkarbónat, kaptan, koltvísýring, sýmoxaníl, dímetómorf, etefón, útdrátt úr teviði, famoxadón, leifar af eimaðri fitu, fitusýrur C7 til C20, flúmíoxasín, flúoxastróbín, flúrklóridón, fólpet, formetanat, gibberellsýru, gibberellín, heptamaloxýlóglúkan, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, metasaklór, metríbúsín, milbemektín, *Paecilomyces lilacinus* af stofni 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, plöntuolíu/repjuolíu, kalíumbíkarbónat, própamókarb, próþíókónasól, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, S-metólaklór, ógreinótt fiðrildaferómón, tebúkónasól og þvagefni (Stjtíð. ESB L 160, 7.5.2021, bls. 89).

og fyrir virku efnin álammóníumsúlfat, álsílíkat, sýmoxaníl, útdrátt úr teviði, leifar af eimaðri fitu, fitusýrur C7 til C20, gibberellsýru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, plöntuolíur/repjuolíu, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, ógreinótt fiðrildaferómón, tebúkónasól og þvagefni til 31. ágúst 2022. Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/195 ([4]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið aklónífen framlengt til 31. júlí 2022 og fyrir virku efnin 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, ediksýru, álfosfíð, kalsíumkarbíð, dódemorf, etýlen, magnesíumfosfíð, metamítrón, plöntuolíur/negulolíu, plöntuolíur/garðmintuolíu, pýretrín og súlkótríón til 31. ágúst 2022. Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2069 ([5]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið prókínasíð framlengt til 31. júlí 2022.

3) Samþykkið fyrir virka efninu metami á að renna út 30. júní 2022 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 359/2012 ([6]).

4) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([7]). Þó að framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012 hafi verið felld úr gildi með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1740 ([8]) gilda ákvæðin um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum, sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, áfram í samræmi við 17. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1740.

5) Þar eð mat á þessum virku efnum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra til að veita nægilegan tíma til að ljúka matinu.

6) Enn fremur er krafist framlengingar á samþykkistímabilinu fyrir virku efnin álammóníumsúlfat, sýmoxaníl, dímetómorf, etefón, flúoxastróbín, fólpet, formetanat, gibberellsýru, gibberellín, metríbúsín, milbemektín, fenmedífam, pírimífos-metýl, própamókarb, próþíókónasól og S-metólaklór í því skyni að veita þann tíma sem er nauðsynlegur til að vinna mat í tengslum við hugsanlega innkirtlatruflandi eiginleika þessara virku efna í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 13. og 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

7) Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar skal framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

8) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

---

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/195 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir nokkur virk efni sem eru skráð í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 (endurnýjunaráætlun AIR IV) (Stjtíð. ESB L 31, 4.2.2017, bls. 21).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2069 frá 13. nóvember 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin flóníkamíð (IKI-220), metalaxýl, penoxsúlam og prókínasíð (Stjtíð. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 51).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 359/2012 frá 25. apríl 2012 um samþykki fyrir virka efninu metami, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 114, 26.4.2012, bls. 1).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 frá 20. nóvember 2020 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 20).

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

_____

*VIÐAUKI*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 88, fenmedífam, kemur „31. júlí 2023“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 97, S-metólaklór, kemur „31. júlí 2023“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 110, milbemektín, kemur „31. júlí 2023“.

4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 142, etefón, kemur „31. júlí 2023“.

5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 145, kaptan, kemur „31. júlí 2023“.

6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 146, fólpet, kemur „31. júlí 2023“.

7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 147, formetanat, kemur „31. júlí 2023“.

8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 150, dímetómorf, kemur „31. júlí 2023“.

9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 152, metríbúsín, kemur „31. júlí 2023“.

10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 154, própamókarb, kemur „31. júlí 2023“.

11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 156, pírimífosmetýl, kemur „31. júlí 2023“.

12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 158, beflúbútamíð, kemur „31. júlí 2023“.

13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 163, benþíavalíkarb, kemur „31. júlí 2023“.

14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 164, boskalíð, kemur „31. júlí 2023“.

15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 166, flúoxastróbín, kemur „31. júlí 2023“.

16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 168, próþíókónasól, kemur „31. júlí 2023“.

17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 215, aklónífen, kemur „31. júlí 2023“.

18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 217, metasaklór, kemur „31. júlí 2023“.

19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 218, ediksýra, kemur „31. ágúst 2023“.

20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 219, álammóníumsúlfat, kemur „31. ágúst 2023“.

21) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 220, álsílíkat, kemur „31. ágúst 2023“.

22) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 223, kalsíumkarbíð, kemur „31. ágúst 2023“.

23) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 227, etýlen, kemur „31. ágúst 2023“.

24) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 228, útdráttur úr teviði, kemur „31. ágúst 2023“.

25) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 229, fitueimingarleifar, kemur „31. ágúst 2023“.

26) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 230, fitusýrur C7 til C20, kemur „31. ágúst 2023“.

27) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 232, gibberellsýra, kemur „31. ágúst 2023“.

28) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 233, gibberellín, kemur „31. ágúst 2023“.

29) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 234, vatnsrofin prótín, kemur „31. ágúst 2023“.

30) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 235, járnsúlfat, kemur „31. ágúst 2023“.

31) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 241, plöntuolíur/negulolía, kemur „ 31. ágúst 2023“.

32) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 242, plöntuolíur/repjuolía, kemur „31. ágúst 2023“.

33) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 243, plöntuolíur/garðmintuolía, kemur „ 31. ágúst 2023“.

34) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 246, pýretrín, kemur „31. ágúst 2023“.

35) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 247, kvarssandur, kemur „31. ágúst 2023“.

36) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 248, fisklýsi, kemur „31. ágúst 2023“.

37) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 249, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, kemur „31. ágúst 2023“.

38) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 255, ógreinótt fiðrildaferómón, kemur „ 31. ágúst 2023“.

39) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 257, þvagefni, kemur „31. ágúst 2023“.

40) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 260, álfosfíð, kemur „31. ágúst 2023“.

41) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 262, magnesíumfosfíð, kemur „31. ágúst 2023“.

42) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 263, sýmoxaníl, kemur „31. ágúst 2023“.

43) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 264, dódemorf, kemur „31. ágúst 2023“.

44) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 265, 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, kemur „ 31. ágúst 2023“.

45) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 266, metamítrón, kemur „31. ágúst 2023“.

46) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 267, súlkótríón, kemur „31. ágúst 2023“.

47) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 268, tebúkónasól, kemur „31. ágúst 2023“.

48) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 302, prókínasíð, kemur „31. júlí 2023“.

49) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 354, flúrklóridón, kemur „31. maí 2023“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki í B-hluta, „Samþykki rennur út“, í línu 22, metam, kemur „30. júní 2023“.